



Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík, 8. janúar 2021

Efni: Viðauki við Landslagsskipulagsstefnu 2015 - 2026

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „**samtökin**“) vísa til tillögu Skipulagsstofnunar að viðauka við Landslagsskipulagsstefnu 2015 – 2026. Eins og fram kemur í tölvupósti Skipulagsstofnunar, dags. 13. nóvember sl., er í tillögunni sett fram stefna um loftslagsmál, landslag og lýðheilsu í tengslum við framkvæmd skipulagsmála og tekur hún eftir atvikum til allra viðfangsefna gildandi landsskipulagsstefnu. Auk þess felur tillagan í sér breytingar á gildandi landsskipulagsstefnu varðandi skipulag haf- og strandsvæða m.t.t. laga nr. 88/2018 um skipulag haf- og strandsvæða.

SI hafa kynnt sér fyrirbyggjandi tillögu að viðauka og óska eftir að koma eftirfarandi ábendingum á framfæri. Ábendingar SI varða fyrst og fremst kafla 5.1, 5.2, 5.4 og 6.1 í umræddri tillögu.

Fyrir það fyrsta benda SI á að í umfjöllun í fyrirbyggjandi tillögu að viðauka er rúm áhersla lögð á þá stefnu að þetta byggð og blanda byggð, sjá m.a. umfjöllun í kafla 5.1.1 og 7.1.1. Án þess að taka afstöðu til þess markmiðs í erindi þessu þá er ljóst að slíkar áherslur munu hafa í för með sér að þrengt verði verulega að núverandi atvinnustarfsemi, s.s. að teknu tilliti til samspils atvinnustarfsemi og íbúðabyggðar. Getur hér komið til álita ólík áhrif af léttum iðnaði og skrifstofustarfsemi annars vegar og þyngri atvinnustarfsemi og mengandi hins vegar. Telja samtökin að taka þurfi til skoðunar og bæta við umfjöllun um þessa þætti í þeirri vinnu sem hér er til umfjöllunar. Mikilvægt er í því samhengi að marka stefnu um þessa þætti og framtíðarsýn hvað þessar atvinnugreinar varða. Að óbreyttu virðist tómlæti um þessa þætti gera það að verkum að sú sýn og stefna verði útundan í málefnalegri umræðu um þá þætti.

Því næst benda SI á umfjöllun um viðnámsþrótt sveitarfélaga gagnvart afleiðingum loftslagsbreytinga í fyrirbyggjandi drögum. Við yfirferð á þeirri umfjöllun telja SI verulega skorta á umfjöllun um innviði og tengsl við áætlanir stjórnvalda á því sviði. Þess í stað ber fyrirbyggjandi umfjöllun eingöngu með sér að sú skylda hvíli á sveitarfélögum að gera slíkar áætlanir. Telja SI því mikilvægt að Landsskipulagsstefna tryggji tengingar við opinbera stefnumörkun á þessum sviðum og tryggt sé að samræmi sé á milli stefnumörkunar hins opinbera hverju sinni, en ekki eingöngu sú kvöð lögð á einstök sveitarfélög að gera áætlanir.

Loks, og að gefnu tilefni, þar sem m.a. er í kafla 5.2 umfjöllun um loftslagsvæna byggð, þá vilja SI vekja athygli á vinnu sem á sér nú stað er tekur á þessum málum. Er um að ræða samvinnuverkefni Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar, SI, Grænni byggðar, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Umhverfisstofnunar, Vegagerðarinnar og félagsmálaráðuneytis. Verkefnið er sett á laggirnar á grundvelli aðgerðar C.3 í uppfærðri aðgerðaráætlun stjórnvalda í loftslagsmálum 2020 til 2030. Í þessari samvinnu felst m.a. að setja fram markmið um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda og minni umhverfisáhrif frá byggingargeiranum, eftir því sem mögulegt er, auk þess þess að skilgreina aðgerðir til að ná þeim markmiðum. Í því sambandi verður sjónum helst beint



að skipulagi, hönnun, byggingu, rekstri og niðurrifi húsbýgginga og samgöngumannvirkja. Telja SI mikilvægt að stefnumörkun, s.s. sú sem birtist í fyrirliggjandi drögum að viðauka, taki tilliti til þeirrar vinnu sem fram fer á þessum vettvangi. Er því skorað á Skipulagsstofnun að koma þeirri vinnu að í fyrirliggjandi viðauka sem og útfærslum á þeim áherslum og stefnumörkun sem á skýra samleið með starfi þessa vinnuhóps.

Síðast en ekki síst telja SI að í fyrirliggjandi drög skorti alla umræðu um sjálfbæra orkuvinnslu í kafla 6.1, en í þeim kafla er m.a. umfjöllun um ýmis konar landnýtingu og innviði því tengt, sbr. umfjöllun á bls. 35 um skipulagsáætlanir sveitarfélaga og stefnu um nýtingu lands og uppbyggingu innviða. Að mati SI er ljóst að eitt stærsta framlag Íslands til kolefnisjöfnunar er að nýta sjálfbærar orkulindir landsins og því telja samtökin mikilvægt að við stefnumótun hins opinbera, s.s. skipulagsstefnu, þurfi að taka tillit til slíkrar nýtingar á við aðra nýtingu landsgæða. Því skortir alla umfjöllun um skipulagsgerð um sjálfbæra orkuvinnslu í kafla 6.1, s.s. nýtingu vatnsafls, jarðhita og vindorku.

Að öðru leyti gera SI ekki frekari athugasemdir um mál þetta að svo stöddu máli. Er framangreindum ábendingum hér með komið á framfæri við Skipulagsstofnun.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Lára M. K. Ólafsson', written over a horizontal line.

Lárus M. K. Ólafsson,
sérfræðingur á sviði umhverfis- og orkumála